



Ísafjarðarbær
Stjórnsýsluhúsinu Hafnarstræti 1
400 ÍSAFJÖRÐUR
ÍSAFJÖRÐUR

Reykjavík, 24. apríl 2020
Tilvísun: 2020040108
GVGU/
Tilv. ykkar:

Efni: Ísafjarðarbær - ósk um breytingu á aðalskipulagi

Undirbúningur að nýjum Vestfjarðavegi (60) um Dynjandisheiði er langt kominn og þann 17. febrúar 2020 var haldinn opinn kynningarfundur á Ísafirði þar sem kynntar voru niðurstöður frummatsskýrslu nýs Vestfjarðavegar um Dynjandisheiði ásamt nýjum Bíldudalsvegi (63).

All nokkrar umsagnir bárust og er gert ráð fyrir að matsskýrsla framkvæmdarinnar verði lögð fram til Skipulagsstofnunar í apríl 2020. Búast má því við að álit Skipulagsstofnunar á framkvæmdinni gæti legið fyrir í maí 2020.

Í frummatsskýrslunni er framkvæmdinni skipt í 3 áfanga. Fyrsti áfanginn er frá Hörgsnesi við Vatnsfjörð að Tröllahálsi og er alfarið í sveitarfélaginu Vesturbyggð. Áfangi 2 er frá Tröllahálsi að Mjólkárirkjun og áfangi 3 er Bíldudalsvegur frá Bíldudalsflugvelli að vegamótum við Vestfjarðaveg.

Í áfanga 2 er ekki búið að taka afstöðu til leiðavals þar sem komið er ofan af Dynjandisheiði niður í Dynjandisdal er þar eru 2 valkostir lagðir fram í matsskýrslu, veglína F og veglína D.

Ísafjarðarbær gaf umsögn um frummatsskýrsluna sem tekin var fyrir á bæjarstjórnarfundi þann 20. febrúar 2020 þar sem tekið er undir bókun skipulags- og mannvirkjanefndar Ísafjarðarbæjar um að leið F verði farin um Dynjandisvog. Umhverfisstofnun telur hins vegar í umsögn sinni frá 21. janúar 2020 að leið D sé betri kostur og að það gangi gegn friðlýsingu Dynjanda að veita leyfi fyrir veglínu F innan friðlýsta svæðins.

Vegagerðin óskar því eftir að Ísafjarðarbær hefji vinnu sem fyrst við nauðsynlegar breytingar á aðalskipulagi vegna nýs Vestfjarðavegar um Dynjandisheiði. Í ferli við breytingu á aðalskipulagi verður tekin endanleg afstaða til leiðavals um Dynjandisvog, þ.e. hvort leið D eða leið F verði farin.

Í tillögum að samgönguáætlun fyrir 2020-2024 sem lögð var fram á Alþingi í nóvember 2019 er gert ráð fyrir fjárveitingum til upphafs framkvæmda við nýjan Vestfjarðaveg árið 2020.

Vegagerðin áformar að hefja framkvæmdir sem fyrst á þeim hluta Vestfjarðavegar þar sem einungis einn valkostur kemur til greina, eða um leið og álit á matsskýrslu framkvæmdarinnar liggur fyrir.

Virðingarfyllst,



Guðmundur Valur Guðmundsson